

Umsögn byggðarráðs Borgarbyggðar við frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr 90/1996. Þingskjal 459 mál nr. 251.

Inngangur

Borgarbyggð er sveitarfélag þar sem opinber stjórnarsýsla hefur um árabíl verði ein mikilvægast atvinnugrein héraðsins, enda liggur Borgarnes einstaklega vel við samgöngum og nýtur þess að vera miðsvæðis á Vesturlandi. Því er ekki að undra að fjölmargar stofnanir sem starfa á landshlutavísu hafa valið sér staðsetningu í Borgarnesi og flestar samstarfsstofnanir sveitarfélaga á Vesturlandi eru staðsettar þar.

Athugasemdir við einstaka greinar

3.gr.

Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við að landinu verði skipt í átta umdæmi og telur eðlilegt að Vesturland verði eitt umdæmi enda er löng hefð fyrir samstarfi sveitarfélaga í landshlutanum og ýmis konar opinber þjónusta hefur Vesturland allt sem sitt starfssvæði.

Með hliðsjón af því hve miðsvæðis Borgarnes er á Vesturlandi er það mat byggðarráðs að staðsetja eigi embætti lögreglustjóra í Borgarnesi. Um Borgarnes liggur þjóðvegur eitt og allar helstu leiðir um Vesturland mætast í Borgarnesi og því má með sannri segja að Borgarnes sé miðstöð samgangna í landhlutanum. Í dag nær embætti lögreglustjórans í Borgarnesi yfir 80% af Vesturlandi.

Einnig er mikilvægt að starfssemi lögreglunar um allt Vesturland verði eftt í tengslum við fyrirhugaðar breytingar og lögreglumönnum fjölgað.

7.gr.

Byggðarráð tekur undir áherslur um skipulagt samráð lögreglu og sveitarfélaganna.

Lokaorð

Héraðsdómur Vesturlands hefur í rúm 20 ár verið staðsettur í Borgarnesi og með því að staðsetja lögreglustjóra sem og sýslumann Vesturlands á sama stað væri mögulegt að skapa faglegan styrk og fjárhagslegt hagræði. Þannig væri hægt og nýta kosti þess að vera með stjórnarsýslu ríkisins miðsvæðis á Vesturlandi sem væri í senn hagkvæmt fyrir starfseminna sem og íbúana sem þurfa á þjónustunni að halda.

Borgarnesi 06.02 2014

Páll S. Brynjarsson

sveitarstjóri